

35. Ýmsar blaðaúrklippur um gaman-
leikinn "Stundum og stundum ekki".

Vikar skrifar:

ÚR DAGLEGA LÍFINU

„Þeim verður ráðstafað í sveit“.

NÝLEGA birtist sú frjett í blöðunum hjer, að tveir drengir á fermingaraldri hefðu framið milli 20 og 30 þjófnaði og verið handsamaðir. Stálu þeir, að því er virðist, öllu steini ljettara, jafnt því, sem þeir gátu komið í fje, og öðru, sem heir höfðu ekki minstu not fyrir. Og eftir að búið er að telja upp alla stuldina og innbrotin, kemur þessi mjög svo táknræna klausa: „Drengjum þessum mun verða ráðstafað í sveit“.

Jeg verð að jata, að mig setti hljóðan, þegar jeg las þetta, og hugsaði með mjer: — Til þess eru sveitirnar nógu góðar, að taka við svona fólki, sem ekki er hafandi innanum menn í höfuðstaðnum. Það er bara sent upp í sveit. Eru sveitirnar að verða einskonar sakamannanýlenda kaupstaðanna? Og ef svo er, hvað á það að þýða? Halda þeir, sem þessar ráðstafanir gera, því fram í alvöru, að engin hætta geti stafað af slíkum unglingum í sveitinni? Eða á kannske að setja þessa pilti niður á eitthvert eyðibýlið og láta þá sjá fyrir sjer sjálfa? — Hitt getur svo komið til greina, þótt það virðist harla ótrúlegt, að það þurfi ekki annað en sveitavist, til þess að gera forhertustu þakkarar og óknytta menn að efnum í góða borgara. Ef það er ástæðan til þess, að slíkir eru sendir í sveit, þá, og þá aðeins er þetta skiljanlegt.

En því ekki uppeldheimili?

SEM BETUR FER fæðast enn þá börn í sveitum landsins, og það fáa fólk, sem þar á enn heima, mun sjálsagt hafa nóg að gera með það að veita börnum sínum uppeldi, þótt það þurfi ekki líka að taka á sig þær byrðar að reyna að snúa þörupiltum kaupstaðanna frá villu vega

sinna. Svona sendingar til sveita fólksins virðast aðeins undirstrika úrræðaleysið, sem nú sjest í mörgum kaupstöðum, úrræðaleysið í þeim málum, að koma unglingum sínum til manns og í því að ráða fram úr þeim vandamálum, sem uppeldi þeirra fylgir oft og tíðum. Það hefir mikið verið rætt um uppeldisheimili fyrir vandræðaunglinga, en sumum þykir það einhver goðgá, og kalla það fangelsisvist, frelsissviftingu og ótal mörgum öðrum frekar vænnum og móðursýkiskendum nöfnum. En hitt er alt í lagi, þótt svona kónar fari upp í sveit og eitri kannske út frá sjer þar. Og hvert á svo loks að senda svona fólk, þegar börnin í sveitinni verða orðin með sama hugarfari, vegna þess, að sífelt er verið að troða upp á sveitaheimilin því lakasta af unglingum bæjanna?

Þá eru ekki fordæmin góð.

ÞVI ER oft haldið fram hjer, og með rjettu, að okkur Íslendingum beri að taka upp það, sem best er í fari annara þjóða, en forðast hitt, sem miður fer. Og ef okkur vantar fordæmi til þess að stofna uppeldisheimili fyrir afbrotaunglinga, þá þurfum við ekki að leita langt að þeim. Þau eru til hjá hverri einni einustu af þeim þjóðum, sem við höfum altaf helst tekið til fyrirmyndar, þótt þar komi að vísu líka fyrir, að hinir og aðrir „sjeu“ sendir í sveit“. En þetta, að stofna uppeldisheimili, hefir jafnan strandað á því, að það þykir ekki nógu mannúðlegt. Hitt þykir ekki nógu mannúðlegt, að eiga á hættu að sveitabörnin verði fyrir verstu áhrifum af verstu unglingum bæjanna. Auðvitað skilji enginn orð mín svo, að jeg sje neitt að deila á kaupstaðina sjerstaklega, með þessum orðum, nje draga

fram málstað sveitanna alment, þetta kemur því ekki við. En því tek jeg þetta fram, að það má svo lítið segja, án þess að það sje rangfært og útfært sem árástir á hina og aðra. Það á að vera hægt að ræða málin með þerum orðum, án þess að talið sje að maður sje að tefla fram dreifbýli gegn þjettbýli. Það á að vera hægt að benda á það, sem miður fer í þessu þjóðfélagi, án þess að maður sje ásakaður um að æsa aðila hverja gegn öðrum. En þetta hefir verið erfitt.

Hvorumtveggja til minkunar.

EN ÞESSAR og þvilíkar aðferðir eru ekki einuhgis bæjarbúum til minkunar, heldur einnig sveitafólkinu. Og jeg veit ekki betur, en að þessar tvær heildir, bæjarbúar og sveitafólk, sje íslenska þjóðin. Þessvegna eru slíkar ráðstafanir sem þessar íslensku þjóðinni sem heild til minkunar, sem menningarþjóð. Hjer verður að taka til einhverra annarra ráða, og það sem fyrst, en að veita þakkaralyð kaupstaðanna út í sveitirnar. Og hvers vegna neitar sveitafólkið ekki hreinlega að taka við þessháttar sendingum? Það hefir mjer stundum fundist harla lítt skiljanlegt, þótt jeg víti hinsvegar, að það vilji gera sitt besta fyrir alla. En það getur orðið of mikið. Hvar er nú uppeldisheimilið í Öxney, hvar öll háfleygu orðin um nauðsyn slíkrar stofnunar? Hvar starf þeirra, sem utan hafa farið að afla sjer frekari mentmitt á þessu sviði? — Er það alt gleymt af gömlu og heimskulegu venjunni: „Sendið hann bara í sveit“. Það er sjálsagt auðveldast og umsvifaminst, en það verður samt að hætta og það fljótt. Við verðum að fara að reyna að koma einhverjum menningarbrag á þessi vandræðamál hjá okkur.

Deila Leikfélagsins og lögreglustjóra leyst.

Frumskýning annað kvöld.

Menn þeir, sem tilnefndir voru að frumkvæði lögreglustjóra, og höfðu það hlutverk með höndum að dæma um siðferðilegt gildi leiksins „Stundum og stundum ekki“, komu saman á fund kl. 2½ síðdegis í gær hjá skrifstofustjóranum í dómsmálaráðuneytinu.

Kom þeim saman um, að ekki væri ástæða til að banna sýningu leiksins, en þó gerði Jónas Jónsson ágreining um málið og lagði til fyrir sitt leyti að leikurinn yrði bannaður. Allri kom nefndinni saman um, að „leikritið væri nauða ómerkilegt og ósamboðið virðingu Leikfélags Reykjavíkur að taka það til sýningar, en með því að leikhúsgestir væru sjálfir fullfærir um að dæma um gildi þess væri ekki ástæða til að banna það.“

Lögreglustjóri kallaði blaðamenn á fund sinn síðari hluta dags í gær og skýrði þeim frá forsögu þessa máls, sem er í stuttu máli svohljóðandi: Strax eftir lokaæfingu bárust lögreglunni kvartanir frá sumum þeim mönnum, sem viðstaddir voru æfinguna, og var leikritið vart talið sýningarhæft. Komu eindregin tilmæli fram um að lögreglan léti mál þetta til sín taka, en til þess hefir hún heimild samkvæmt 83. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Kl. 10 á fimtudagsmorgun fékk eg leikritið til athugunar, en áður og einnig þá um morguninn hafði eg átt tal við fimm menn um málið, sem allir höfðu verið viðstaddir lokaæfingu, og höfðu 3 þeirra látið svohljóðandi skriflegt álit í té:

„Lögreglustjórinn í Reykjahefir óskað álits okkar um hvort sjónleikurinn „Stund-

um og stundum ekki“, sem við sáum á lokaæfingu í gærkveldi, brjóti í bág við alment velsæmi.

Við lítum svo á, að sjónleikur þessi sé mjög klúr, siðspillandi og brjóti í bág við reglur og velsæmi og að sýning hans ætti ekki að hefjast.“

Yfirlýsingu þessa undirrituðu Jón Pálsson fyrv. bankaféhirðir, dr. Símon Jóh. Ágústsson og Maggi Júl. Magnús læknir.

Með tilliti til þess ákvað lögreglustjóri að banna sýningu á leiknum þar til er hann hefði að fullu athugað leikritið, eða fengið umsögn tilkvaddra dómþerra manna um það.

Vísir sér ekki ástæðu til þess að ræða mál þetta frekar, enda er það klappað og klárt, en það eitt hefir ennþá gildi fyrir alla aðila: „að til þess eru vítin að varast þau.“